



Vinnumarkaðskönnun - flestar tölur vísa í rétta átt

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands er áætlað að um 215.400 manns hafi verið á vinnumarkaði í febrúar og hafa aldegi verið fleiri. Það jafngildir 80,4% atvinnuþátttöku. Af þeim voru um 206.200 starfandi og um 9.200 atvinnulausir og í atvinnuleit, eða um 4,3% af vinnuaflinu.

Starfandi fólki fjölgaði um 17.900 milli ára í febrúar og atvinnulausum fækkaði um 3.100 á sama tíma. Hlutfall starfandi var 75,1% í febrúar og hækkaði um 3,1 prósentustig frá febrúar 2021. Skráð atvinnuleysi mældist hæst í febrúar 2021 og tók að lækka upp frá því þannig að breytingarnar á einu ári hafa verið verulegar.

Atvinnuþátttaka á uppleið




Atvinnuþátttaka hefur aukist síðustu mánuði og var 80,4% nú í febrúar sem er 4 prósentustigum hærra en í febrúar 2021. Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í 82%. Samsvarandi tala nú er 79,4% og hefur atvinnuþátttaka aukist nokkuð stöðugt allt síðasta ár á þennan mælikvarða.

Mismunandi mælingar á atvinnuleysi

Atvinnuleysi, samkvæmt mælingum Hagstofunnar, var 4,3% í febrúar sem er 1,8 prósentustigum lægra en á sama tíma í fyrra. Almenn atvinnuleysi skráð hjá Vinnumálastofnun var hins vegar 5,2% og hafði minnkað um 2,3 prósentustig milli ára.

Niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar sveiflast stundum nokkuð eftir mánuðum. Þannig var atvinnuleysi í febrúar einu prósentustigi hærra en í janúar. Hagstofan birtir einnig árstíðaleiðréttar tölur og samkvæmt þeim var atvinnuleysi í febrúar einnig 4,5% sem er eilítið hærri niðurstaða en mæld var í mánuðinum.

Árstíðaleiðrétta atvinnuleysi dróst saman um 1,9 prósentustig á milli ára og hefur hlutfall atvinnulausra á þann mælikvarða ekki mælst lægra





síðan í árslok 2019, áður en áhrifa faraldursins fór að gæta á íslenskum vinnumarkaði.

Vinnutími styttest

Vinnutími hefur styst töluvert á undanförunum misserum. Venjulegur vikulegur vinnutími var þannig 36,9 stundir nú í febrúar sem er 0,3 stundum styttra en í febrúar 2021. Sveiflur eru miklar í vinnutíma milli mánaða, en sé horft til 12 mánaða hlaupandi meðaltals er vinnutími nú rúmlega klukkustund styttri en hann var í upphafi ársins 2020. Áherslur í síðustu kjarasamningum um styttingu vinnutíma sjást því greinilega í niðurstöðum vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar.

Vinnuafslnotkun eykst stöðugt eftir langvarandi samdrátt

Starfandi fólki í febrúar 2022 fjölgaði um 9,5% miðað við sama tíma 2021. Vinnutími styttest um 0,8% á sama tíma þannig að heildarvinnustundum fjölgaði um 8,7% milli ára. Þetta er ellefti mánuðurinn í röð sem heildarvinnustundum fjölgar og hefur aukningin verið sérstaklega mikil síðustu fimm mánuði.

Sterkari vinnumarkaður


Tölur úr vinnumarkaðskönnuninni síðustu mánuði hafa að mestu leyti vísað í rétta átt og benda ótvírætt til þess að vinnumarkaðurinn sé óðum að ná fyrri styrk. Störfum hefur fjölgað mikið og atvinnuleysi orðið álíka og var áður en faraldurinn skall á. Búast má við því að störfum haldi áfram að fjölga töluvert þegar ferðaþjónustan nær að taka við sér eins og margt bendir til. Þar er svo spurning hvort fjölgun starfa dragi enn meira úr atvinnuleysi hér á landi eða hvort nauðsynlegt verði að byggja meira á innfluttu vinnuafli en verið hefur.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.


Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

Venjulegar vinnustundir



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Atvinna og vinnutími



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans